

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á íþróttasvæðinu á Torfnesi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi á íþróttasvæðinu á Torfnesi á Ísafirði. Breytingin felur í sér að afmörkun þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til breytist, fyrirkomulag bílastæða breytist, byggingarreitur fyrir sundlaug er afmarkaður og íþróttahús er innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 3. júlí 2003.

Skipulags- og byggingarfulltrúi,

Stefán Brynjólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 – 2014 og aðalskipulagi Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest aðalskipulag Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 - 2014 og aðalskipulag Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunirnar og Skipulagsstofnun afgreitt þær til staðfestingar.

Aðalskipulög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hellu 1977-1998, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá Safnasafnsins nr. 128 17. febrúar 1998.

Stjórn Safnasafnsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 3., 8. og 10. gr. skipulagsskrár sjóðsins, sem staðfest var 17. febrúar 1998.

3. Skipting:

Safnasafninu er skipt í: Alþýðulistasafn Íslands, Brúðusafn Íslands, Leikfangasafn Íslands og Sérsafnasafnið.

8. Stjórn:

Stjórn safnsins skipa 5 aðalmenn og 3 varamenn. Stofnendur sitja í stjórn eins lengi og þeir óska og tilnefna hvor um sig 1 aðalmann og 1 varamann í 4 ár í senn. Samband íslenskra myndlistarmanna tilnefnir 1 aðalmann og 1 varamann í 4 ár í senn.

Njóti annars stofnanda ekki við, tekur afkomandi hans sæti hans í stjórn.

Stjórnin skiptir með sér verkum og fer með öll málefni safnsins. Stjórnin hefur heimild til að ráða forstöðumann að safninu.

10. Starfsfólk:

Forstöðumaður skal njóta launa og starfskjara á við það sem tíðkast hjá forstöðumönnum Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Íslands.

Stjórn er heimilt að ráða stjórnarmann í starf forstöðumanns.

Gjaldkeri er prókúruhafi safnsins.

Forstöðumaður ræður starfsfólk eftir þörfum.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá Safnasafnsins staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 53 23. janúar 2003.

1. gr.

Í viðauka 2 bætist við nýr töluliður, 10. töluliður, er orðast svo:

10. Gild ferðabréf fyrir íbúa Kosovo (UNMIK Travel Document) sem gefin eru út af skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kosovo (UNMIK – United Nations Mission in Kosovo).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 3:

Orðið „Ekvador“ í I. kafla fellur brott.

Orðin „Stóra-Bretlandi“ í 1. tölulið II. kafla falla brott.